


# LÍF OG FJÖR Á KJARVALSSTÖÐUM

„Á sumrin hefur listalífíð í borginni verið fremur fábreytilegt, en með haustinu lifnar yfir öllum menningarsetrum og þá oft á tíðum svo um munar. Þessi sýning er tilraun til þess að jafna þessi met að ein-

hverju leyti, gefa borgarbúum og ferðamönnum, innlendum sem erlendum, tækifæri til þess að njóta íslenskrar listar, einmitt á þeim tíma, sem Kjarvalsstaðir eru í sumarskrúða.“

Svo segir í sýningaskrá Kjarvalsstaða um „Sumar á Kjarvalsstöðum“, en nú stendur yfir sýning þriggja hópa í húsinu og við húsið. Við litum við á Kjarvalsstöðum og spjölluum við gesti og heimafolk.



RÆTT VIÐ GESTI OG HEIMAFÓLK

Úti á tóni sátu þau Sigrún Guðmundsdóttir og Orri og Þorri Jónssynir. Sigrún er ein „Langbróka“, sem sýna inni á göngum hússins, en hún hefur áður sýnt í Stúdentakjallaranum.

„Áhugi á textil er mjög að aukast og við sem reukum Galleri Langbrók finnum greinilega mikinn áhuga hjá þeim sem koma inn í verslunina.“ sagði Sigrún. Hún nam teikningu og textil í Noregi eftir að hafa verið í handavinnudeildinni í Kennaraháskólanum. „Ég er mjög ánægð með þá nýbreytni sem fram hefur komið í rekstri hússins í sumar og ég vona að það verði áframhald á henni.“ sagði Sigrún ennfremur.

### Vantar borð í garðinn

„Mér list vel á þessa nýbreytni og ég er spennit að skoða sýninguna hjá Galleri Langbrók hérna frammi“ sagði Björg Jónsdóttir þar sem hún skoðaði málverkin í vestursal ásamt Hörpu Kristínu og Oddgeiri.

„Það er gaman að koma á svona samsýningar og margt að skoða. Eg byrja nálegt og það er tilvalið að fá sér göngutúr hingað með börnin. Við komum hingað á Listahátíð barnanna í vor og mér fyndist að það mætti vera meira hér af slíku.“ sagði Björg.

„Farið þið oft í garðinn?“ „Já, við gerum það oft og höfum þá með okkur nesti. Mér finnst bara vanta miklu fleiri bekk. Það ætti líka að koma upp borðum og bekkjum víðar um túnið, svo að fólk geti komið með nesti og borðað úti við borð.“ sagði Björg ennfremur.

### Kaffið vinsælast

Eiður Valgarðsson rekur kaffistofuna ásamt Huld Goethe og

við spjölluum við hann þar sem hann sat úti og sleikti sólna. „Ég set borðin og stólana út um leið og sést sólargæta, en það hefur því miður ekki verið oft í sumar. Það er miklu meira líf í húsinu núna en var, einkum finnur maður mun um helgar. Það hefur oft verið mjög margt hérna í vor, en mest var þó afsóknin á Listahátíð barnanna. Veðrið hefur haft sin áhrif á aðrar samkomur.“

Hvað kaupir fólk helst í kaffistofnunni?“ „Kaffið er auðvitað vinsælast. Annars erum við að hugsa um að reyna að hafa opið í hádegjunu og vera þá með léttu smarétti. Sem stendur er opið frá 2—10 og kaffistofan rekin með einskonar sjálfsafgreiðslu“, sagði Eiður.

### Reyni alltaf að komast á málverkasýningu

„Ég reyni alltaf að komast á málverkasýningar þegar ég kem í bæinn, en því miður stoppa ég oft svo stutt.“ sagði Þorsteinn Sigurbsson læknir á Egilsstöðum þar sem hann var að skoða málverkin sem „Septem ’79“ sýna í vestursal Kjarvalsstaða.

„Það er gaman að þessari sýningu. Mér finnst skemmtilegt að blanda svona saman málverkum og skúlptúr. Eg hef alltaf gaman að skoða verkin hans Sigurjóns, þau eru sífellt að breytast.“

„Er mikið um myndlistarsýningar hjá ykkur fyrir austan?“

„Það kemur fyrir. Við höfum málara í plássinu sem sýnir oft, hann Steinþór Eiríksson. En maður sér meira hér í Reykjavík, þótt ég vilji frekar búa fyrir austan.“ sagði Þorsteinn ennfremur.

„Höfum áhuga á framhaldi á Listahátíð barnanna“ — segir Þóra Kristjánsdóttir




Þessar stúlkur sátu úti yfir kaffibolla.



Spjallað við Þóru Kristjánsdóttur, listráðunaut

Eiður Valgarðsson tyllti sér út í sólna.



## „Vænti samstarfs við fleiri listamannahópa“

„Kjarvalsstaðir eru að ymsu leyti mjög skemmtilegt hús og til margs nýtanlegt, ekki síst á sumrin, þar sem það stendur í þessum stóra garði. Mér fannst því strax þegar ég byrjaði að það væri tilvalið að fá hópa til að sýna í sumar og í samvinnu við stjórn hússins þróðist hugmyndin um „Sumar á Kjarvalsstöðum“ sagði Þóra Kristjánsdóttir, listráðunautur Kjarvalsstaða þegar við spjölluum við hana.

og ég á von á að það verði gert. Aðalatriðið með þetta hús er að nýta það stöðugt. Þess vegna höfum við breytt fyrirkomulagi kaffistofunnar og við ætlum líka að fá fleiri listamannahópa til samstarfs, bæði leikuhúsfólk og tónlistarfólk og vænti ég mikils af þeirri samvinnu.“ sagði Þóra ennfremur.

— þs

Sem kunnugt er sýna „Septem“-hópurinn og Galleri Langbrók nú verk sín í húsinu og nú um helgina opnar sýning Myndhöggvarafélagsins og verða þá einnig tónleikar Hamrahliðakórins og gjörningur framinn. „Verk myndhöggvaranna verða bæði inni og úti og má segja að þannig tengist húsið við umhverfi sitt. Gert er ráð fyrir að hérna verði fleiri gjörningar síðar í sumar.“

„Nú hafa uppkomur eins og Brúðuleikhúsvika og Listahátíð barnanna verið mjög vinsæl. Ætlið þið að halda áfram með slíkt?“



Björg, Harpa Kristín og Oddgeir skoða málverkin.

TEXTI ÞS-MYNDIR EIK OG LEIFUR



Sigrún, Orri og Þorri við verk Jóhanns Eyfells á Miklatúni.